

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
nefnadasvid@althingi.is

Hafnarfirði, 16. maí 2023.

Umsögn KPMG Law ehf. um „frumvarp til laga um breytingu á erfðalögum og lögum um erfðafjárskatt (afhending fjármuna, skattleysi)“.

KPMG Law ehf. hefur kynnt sér framangreint frumvarp á þingskjali 1514 (969. mál) og sér ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

Í frumvarpinu er lagt til að hjón geti afhent sameiginlegum skylduerfingjum sínum, börnum sínum eða börnum fráfallinna barna sinna, til eignar allt að 10 milljónum króna á 10 ára tímabili án þess afhendingin teljist vera fyrirframgreiðsla arfs og án þess erfðafjárskattur skuli greiddur af hinu afhenta fé.

Óljóst er hvort 10 milljón króna hámarkinu er ætlað að taka til beggja hjóna eða hvors þeirra um sig og óljóst er hvort hámarkinu er ætlað að taka til hvers sameiginlegs barns hjónanna eða samanlagt til allra sameiginlegra barna þeirra. KPMG Law ehf. telur þörf á að orðalagi verði hagað þannig að allur vafi verði tekinn af í þeim efnum.

KPMG Law ehf. fær ekki séð rök fyrir því að mismuna gjafþegum (börnum) með þessum hætti eftir því hvort foreldrar þeirra eru í hjúskap eða ekki.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu umrædd fjárframlög verða tekjuskattsskyld og jafnframt útsvarsskyld.

Í 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er kveðið á um að tekjuskattsskyldar séu beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða. Undanskildar eru þó tækifærisgjafir, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir.

Í 1. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 er kveðið á um að ekki teljist til skattskyldra tekna eignaauki vegna arftöku, fyrirframgreiðslu arfs og dánargjafa, að því tilskyldu að erfðafjárskattur hafi verið greiddur.

Með því að skilgreina umrædda afhendingu fjár, frá foreldrum til barna, utan arfs og utan stofns til greiðslu erfðafjárskatts má ljóst vera að ákvæði 1. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 á ekki við um afhendingu fjáris og það mun því verða tekjuskattsskylt samkvæmt 4. tölul. A-liðar 7. gr. sömu laga.



Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, skal stofn til álagningar útsvars vera hinn sami og tekjuskattsstofn.

Verði nýrri málsgrein (3. mgr.) aukið við 29. gr. erfðalaga nr. 8/1962, eins og lagt er til, og standi vilji jafnframt til þess að undanþiggja fjárframlög samkvæmt henni tekjuskatti og útsvari er það unnt með því að auka málslíð við 1. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003. Málslíðurinn gæti hljóðað: Ekki teljast heldur til tekna fjárframlög samkvæmt 3. mgr. 29. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Virðingarfyllst,

KPMG Law ehf.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 19.5.2023
Tilvísun: 20230501680

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á erfðalögum og lögum um erfðafjárskatt (afhending fjármuna, skattleysi) – þskj. 1514, 969. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 5. maí sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu var gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á erfðalögum að arfláta sé heimilað að afhenda fjármuni til lögerfingja sinna, þ.e. barna og annarra niðja, sbr. 1. tölul. 1. gr. erfðalaga.

Af ofangreindu tilefni vill ríkisskattstjóri taka eftirfarandi fram:

I.

Í fyrstu grein er lögð til breyting á 29. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sem yrði þá þannig að gerðri breytingu:

„Nú fær sameiginlegur skylduerfingi hjóna fé sem fyrirfram greiddan arf úr hjúskapareign annars eða beggja, og skal sú greiðsla þá koma til frádráttar arfi hans eftir skammlifara makann, eftir því sem til vinnst, ef skipt er, meðan langlífari makinn er á lífi. Ekki skal þetta þó skerða lögmæta erfðaskrá, sem skammlifari makinn hefur gert. Sá fjárhluti erfingja, sem ekki kemur til frádráttar við arfskipti eftir skammlifara makann, sætir frádrætti, er erfðahluti erfingja eftir langlífari makann er ákvæðinn, eftir því sem til vinnst.

Framangreindar reglur taka einnig til þess, er maki, sem situr í óskiptu búu, greiðir erfingja fyrirfram fjárhlut úr búinu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er arfláta heimilt að afhenda þeim sem getið er í 1. tölul. 1. gr. verðmæti að andvirði allt að 10.000.000 kr. á 10 ára tímabili. Getur afhendingin farið fram einu sinni eða oft. Skal afhending fjármuna samkvæmt þessari málsgrein skráð hjá sýslumanni þar sem lögheimili arfláta er skráð og ekki bera erfðafjárskatt. *(feitiletrað hér)*

Núgildandi ákvæði 29. gr. fjalla að meginstefnu til um hvernig tryggt sé jafnræði milli skylduerfingja við fyrirframgreiðslu arfs.

Af texta frumvarpsins, og þeim forsendum sem koma fram í greinargerð, verður helst ráðið að afhendingu verðmæta þeirra sem um ræðir sé ekki ætlað að hafa sömu réttaráhrif og gildir um fyrirframgreiðslu arfs, enda lagt til að frávik sé gert frá þeim reglum. Við framangreindar aðstæður er því mikilvægt að skýrt komi fram hvers eðlis afhending verðmætanna sé með

tilliti til flokkunar og tegundar tekna, en eins og frumvarpið liggur fyrir þá verður ekki af hálfu skattýfirvalda ályktað annað en að um sé að ræða gjafir gefnar í lifanda lífi. Þannig sé ekki um hefðbundinn arf að ræða, hvort heldur fyrirframgreiddan arf eða arf sem fellur til við andlát.

Um gjafir er fjallað í 4. tölul. A -liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og efnislega segir svo að andvirði gjafa til „nákominna ættingja“ teljast almennt skattskyldar tekjur „nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða“. Gjafir samkvæmt framangreindri skilgreiningu teljast þannig almennt til skattstofns móttakanda samkvæmt 4. tölul. A -liðs 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og álagningu útsvars samkvæmt 21. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Almennum gjöfum sem gefnar eru í lifanda lífi er ekki ætlað að koma til frádráttar síðar mótteknum arfi við andlát arfláta. Um dánargjafir og gjafaarf skal aftur á móti fara samkvæmt reglum um erfðaskrár, sbr. 54. gr. erfðalaga.

Það athugast að af texta 1. gr. frumvarpsins verður hvorki fyllilega ráðið, hvort um einskíptis aðgerð sé að ræða sem megi þó dreifast á 10 ár, né hvort fjárhæðin skuli afmarkast við hvern gefanda/arfláta við afhendingu verðmæta allt að samtals 10 milljónum, eða hvort fjárhæðin taki til hvers móttakanda, þ.e. barna og niðja.

Þá er rétt að vekja athygli á því að í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um erfðafjárskatt þar sem kveðið er á um undanþágu umræddrar afhendingar frá greiðslu skattsins. Þá tilhögun verður að telja eðlilegri en kveðið sé á um skattskyldu og skattfrelsi í erfðalögum sem slíkum líkt og gert er í 1. gr. frumvarpsins.

II.

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 5. mgr. 1. gr. laga nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, sem að gerðri breytingu yrði svohljóðandi:

„Af öllum fjárverðmætum er við skipti á dánarbúi manns hverfa til erfingja hans skal greiða skatt í ríkissjóð eftir lögum þessum, sbr. þó 18. gr.

Af öllum fasteignum hér á landi, sem eigendaskipti verða að á grundvelli lögerfða, bréferfða eða fyrirframgreiðslu arfs, skal greiða skatt eftir lögum þessum án tillits til þess hvort aðilar að ráðstöfuninni séu búsettir hér á landi eða erlendis.

Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum af gjafaarfi, dánargjöfum, fyrirframgreiddum arfi og gjöfum þar sem gefandi hefur áskilið sér afnot eða tekjur af hinu gefna til dauðadags eða um tiltekinn tíma sem ekki er liðinn við fráfall hans.

Ekki skal greiða erfðafjárskatt af lífeyrissparnaði sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda fari um skattlagningu samkvæmt lögum um tekjuskatt ...

Ekki skal greiða erfðafjárskatt af gjöfum og framlögum til lögaðila sem falla undir 9. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003 og afhendingu fjármuna, sbr. 3. mgr. 29. gr. erfðalaga, nr. 8/1962.“ (fjéitleið hér)

Með núgildandi 5. mgr. 1. gr. laga um erfðafjárskatt er verið að undanþiggja dánargjafir til tiltekinn lögaðila, þ.e. gjafir við andlát arfláta. Sú breyting sem lögð er til við gildandi

ákvæði fellur ekki alls kostar vel að því ákvæði sem fyrir er, enda verður ekki ráðið af frumvarpinu að um eiginlegan arf eða dánargjöf sé að ræða, sem undanþiggja á erfðafjárskatti.

III.

Þá þykir mega benda á að í 1. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er að finna svofellt ákvæði:

„Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:

1. Eignaauki vegna arftöku, fyrirframgreiðslu arfs og dánargjafa, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur. Þetta á þó ekki við um þann hluta lífeyrissparnaðar sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.“

Samkvæmt ofangreindum lagatexta um undanþágu tekna frá greiðslu tekjuskatts byggist undanþágan á því að af eignaauka vegna arftöku, fyrirframgreiðslu arfs og dánargjafa hafi verið greiddur erfðafjárskattur. Gjafir gefnar í lifanda lífi rúmast illa innan framangreindra hugtaka og verða varla felldar undan undanþágu frá skattskyldu á grundvelli tilvitnaðs ákvæðis óbreytts. Sjá einnig í þessu sambandi tilvitnaðan 4. tölul. A-liðs 7. gr. tekjuskattslaga.

IV.

Samkvæmt niðurlagi 1. gr. frumvarpsins skal skrá afhendingu verðmæta samkvæmt umræddri heimild hjá sýslumanni. Slíkt kann að vera eðlileg ráðstöfun sé um erfðagjörning er að ræða, en eins og fram hefur komið þá verður sá skilningur ekki lesinn úr frumvarpinu með ótvíræðum hætti. Hvort heldur sem er, þá þyrftu skattyfirvöld að vera upplýst um umræddar ráðstafanir, og fylgja þeim eftir yfir árafjöld, í því skyni að tryggja rétta skattframkvæmd. Ljóst er að slíku fylgir umtalsvert flækjustig, ekki hvað síst ef til vísitölubindingar á ráðstöfunarfjárhæð kæmi.

V.

Umhugsunarvert er enn fremur í framangreindu samhengi, hvort í raun sé verið að undanþiggja tilgreinda fjárhæð, þ.e. allt að 10 milljónum, sem fyrirframgreiddan arf, frá greiðslu erfðafjárskatts, en af samhenginu við önnur ákvæði 29. gr. erfðalaga er nærtækast að ætla að lagt sé til einhvers konar frítekjumark við greiðslu fyrirframgreidds arfs nema gjörningi þessum sé ætlað að hafa allt annað inntak og eðli. Þessa ályktun má styðja við þær athugasemdir sem koma fram í greinargerð frumvarpsins, en þar segir:

„Í dæmaskyni, ef foreldrar ákveða að afhenda 100 milljónir króna til erfingja, leiðir það til þess að 10 milljónir eru afhentar í samræmi við þær breytingar sem hér eru lagðar til og síðan væri gerð erfðafjárskýrsla um þá fjármuni sem eru umfram 10 milljónir króna og af þeim greiddur erfðafjárskattur líkt og tíðkast.“ (*á væntanlega að vera 20 milljónir)*

VI.

Eins og að framan er rakið kann að vera torvelt að fella umrædd framlög til barna og annarra niðja, skv. 1, tölul. 1. gr. erfðalaga, undir 1. gr. laga um erfðafjárskatt, 29. gr. erfðalaga, sem og 4. tölul. A-liðs 7. gr. og 1. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga. Þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eins og það liggur fyrir, hafa ekki fyllilegan samhljóm við gildandi ákvæði, þannig að hæfið sé yfir allan vafa hvaða skilning skuli leggja til grundvallar framkvæmd þeirra ákvæða sem lögð eru til, og þannig náð þeim réttaráhrifum sem stefnt er að.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson